

Íslenska

Kennarar: Auður Yngvadóttir; Smári Rafn Teitsson

Lýsing

Skrift, ritun, málfræði, lestur og stafsetning.

Markmið:

Talað mál, hlustun og áhorf
að nemendur:

- þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum
- þjálfist í að hlusta og horfa með athygli og á gagnrýninn hátt
- læri að hlusta á aðra og taka tillit til skoðana þeirra í umræðum og rökræðu

Lestur og bókmenntir
að nemendur:

- geti lesið texta við hæfi með góðum hraða og skilningi, lagt mat á hann og túlkað
- geti og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta
- geti greint og fjallað um aðalatriði í texta, greint helstu efnisorð
- geti valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju
- geti aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni og lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga

Ritun
að nemendur:

- geti sett eigið efni skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti
- geti skrifað læsilega og beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar
- geti samið texta þar sem beitt er eigin sköpun

Málfræði
að nemendur:

- geti beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins
- geti notað orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli
- geti áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra
- geta nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta

Námsefni:

Annar Smellur, Málrækt 2, Skrift 6, Ljóðspor. Ýmis verkefni frá kennurum í tengslum við stafsetningu. Frjálslestrarbækur að vali nemenda.

Kennsluaðferðir:

26.-30. ágúst	Lesskilningur, Málrækt Skrift og lestur.	Stafrófið
2.-6. sept.	Smellur, skrift og lestur. Ritun	Gagnvirkar æfingar http://skolavefurinn.is/namsgreinar/malfraediklikk#nafnord
9.-13. Sept.	Smellur bls. 6-7. Málrækt 2. Ritun skrift og lestur.	
16. -20. sept.	Smellur bls.8-11.Málrækt 2. Ritun,skrift og lestur.	Hraðlestrarpróf
23. - 27. sept.	Smellur bls.8-11. Málrækt 2. Ritun,skrift og lestur.	Stafsetningarkönnun
30.sept.- 4.okt.	Smellur bls.12.-13. Málrækt 2. Ritun, skrift og lestur.	http://skolavefurinn.is/namsgreinar/malfraediklikk#sagnord gagnvirkar æfingar
7.- 11.okt	Smellur bls. 14-15. Málrækt 2. Ritun, skrift og lestur.	
14. -17. okt. Vetrarfrí 18. okt.	Smellur bls. 16-17. Málrækt 2. Ritun,skrift og lestur.	http://skolavefurinn.is/namsgreinar/malfraediklikk#lysingarord gagnvirkar æfingar
22.-25. Okt Vetrarfrí 21. okt.	Smellur bls. 18-19. Málrækt 2. Ritun,skrift og lestur.	
28.okt – 1.nóv.	Smellur bls.20-21. Málrækt 2. Ritun,skrift og lestur.	Upprifjun og samantekt. Könnun úr nafnorðum, sagnorðum og lýsingarorðum.
4.- 8. nóv.	Smellur bls. 22.-23 Málrækt 2. Ritun,skrift og lestur	
11.. -15. nóv.	Smellur bls. 24.-25. Málrækt 2. Ritun,skrift og lestur.	Ljóðið „Á íslensku“ lært utanbókar.
18. -22. nóv.	Smellur bls.26.- 27. Málrækt 2. Ritun,skrift og lestur.	http://skolavefurinn.is/namsgreinar/malfraediklikk#lysingarord
25. -29. nóv.	Smellur bls. 28.29. Málrækt 2. Ritun,skrift og lestur.	
2.-6. des.	Smellur bls. 30-31. Málrækt 2. Ritun,skrift og lestur.	Lesskilningspróf
9. - 13. des	Smellur bls. 32-33. Málrækt 2. Ritun,skrift og lestur.	
16. -20. des.	Smellur bls. 34-35. Málrækt 2. Ritun,skrift	

Litlu jólin 20. og lestur.
des

7. -10.jan.

Smellur bls. 36- 37. Málrækt 2.
Ritun,skrift og lestur.

<http://skolavefurinn.is/namsgreinar/malfraediklikk#lysingarord>

6.
starfsdagur

13. -17. jan.

Smellur bls. 38-39. Málrækt 2. Ritun,skrift
og lestur.

Ljóðið Ísland örgum skorið, lært utan að.

20.-24. jan.

Smellur bls. 40-41. Málrækt 2. Ritun,skrift
og lestur.

Íslenskupróf

Námsmat:

Einstaka námsþættir metnir yfir önnina (símat). Leshraði og lesskilningur prófaður á báðum önnum. Framsagnarpróf og skriftarpróf á vorönn.

Lykilhæfni:

Nemendur eru einnig metnir út frá lykilhæfni aðalnámskrár og leggur skólinn áherslu á vönduð vinnubrögð, jákvæð samskipti og ábyrgð nemenda á eigin námi.

G.Í. íslenska 6. bekkur - Talað mál, hlustun og áhorf

- Hefur þjálfast í að koma fram fyrir stóran hóp og flytja eigin texta og ýmis bókmenntaverk
- Hefur þjálfast í að hlusta á upplestur á sögum, ljóðum og leikritum
- Getur tekið átt í umræðum og komist að niðurstöðu og rökstutt skoðanir sínar
- Getur nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt
- Temur sér að tala skýrt og áheyrilega við öll tækifæri
- Hefur þjálfast í að hlusta á umræður, taka þátt í þeim og halda athygli í töluverðan tíma

G.Í. íslenska 6. bekkur

- Getur átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi hurteisi

G.Í. íslenska 6. bekkur - Lestur og bókmenntir

- Getur beitt nákvæmnislestri, leitarlestri og yfirlitslestri
- Þekkir nokkur bókmenntahugtök
- Getur lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær
- Hefur náð góðum tókum á að greina aðalatriði frá aukaatriðum
- Getur skrifað greinagerð um sögu sem hann hefur lesið (ritdómur)
- Getur nýtt sér heimildir úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni
- Les fjölbreytta bókmenntatexta (gamla og nýja) og hefur lært ákveðin ljóð
- Þekkir nokkra þekkta höfunda

G.Í. íslenska 6. bekkur - Ritun

- Skrifar tengda og skýra skrift, hefur náð góðum skriftarhraða og þróað persónulega rithönd
- Notar mismunandi stíl m.t.t. efnis og lesanda

- Fer eftir helstu stafsetningarreglum og notar hjálpargögn svo sem orðabækur
- Fæst við fjölbreytilega ritunarverkefni og hefur þjálfast í að skrá atburði úr eigin lífi og fréttum

G.Í. íslenska 6. bekkur - Málfræði

- Gerir sér grein fyrir að öllum orðum er skipt í flokka eftir formlegum og merkingarlegum einkennum
- Þekkir stofn orða og getur nýtt sér hann við réttritun
- Þekkir no., lo., so. og fornöfn og helstu einkenni þeirra
- Getur fundið kyn, tölu og fall nafnorða og lýsingarorða
- Hefur fengist við að fallbeygja orð og fræðast um tilurð þeirra
- Vinnur með algeng orðtök og málshætti

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Tjáning og miðlun

- Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum.
- Gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni.
- Hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna.
- Áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum.
- Vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.
- Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það.
- Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum.

- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína.
- Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Nýting miðla og upplýsinga

- Notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám.
- Notað ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda.
- Sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð.

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Ábyrgð og mat á eigin námi

- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi.
- Sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim.
- Skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.